

Elsa Sigríður Jónsdóttir, 180739 2629, Lundi 13, 200 Kópavogi.

Kópavogi, 4. september 2022.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ.

Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík.

Krafa um ógildingu byggingarleyfis fyrir Seljadalsveg 4, Mosfellsbæ, spildu úr landi Miðdals, nr. 125337

Ég undirrituð, Elsa Sigríður Jónsdóttir, þinglýstur eigandi lands Lækjartanga, nr. 125186, Mosfellsbæ, hrökk illilega við 22. ágúst síðastliðinn þegar allt í einu birtist grafa í brekkunni hinum megin við lækinn, sem skilur milli míns lands og landsins nr. 125337. Fjarlægð grunnsins, sem grafan hóf þegar að grafa, er ca. 20 m. frá umræddum læk. Mér var tjáð að þarna ætti að reisa eitt hús af fimm sem myndu rísa á landinu nr. 125337. Enga hugmynd höfðum við, landeigendur Lækjartanga, um slík áform og ekki heldur aðrir nágrannar spildunnar nr. 125337.

Ég geri hér með kröfu um að byggingarleyfi fyrir Seljadalsveg 4, Mosfellsbæ, verði fellt úr gildi.

Ofangreind krafa er byggð á því að:

- 1) Landeigendur í nágrenni spildunnar nr. 125337 voru ekki upplýstir um gerð deiliskipulags svæðisins sem var heimilað á 444. fundi skipulagsnefndar, 15.9. 2017., sem er lögbundið skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landeigendum í nágrenni spildu nr. 125337 var ekki heldur kynnt deiliskipulagstillagan áður en samþykkt var að auglýsa deiliskipulagið á 458. fundi skipulagsnefndar 10. apríl 2018, sem er þó lögbundið skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- 2) Ekki hafi verið fylgt ákvæðum laga um grenndarkynningu skv. 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna byggingar svonefnds frístundahúss að Seljadalsvegi 4 skv. tillögu Reykjamelshf., sem á 559. fundi skipulagsnefndar 18. feb. 2022 var heimilað að gefa út byggingarleyfi fyrir.
- 3) Húsin, sem fyrirhugað er að rísi á spildu nr. 125337, víkja í mörgum atriðum frá því deiliskipulagi sem, Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi segir að staðfest hafi verið 19.07.2018. (sbr. Minnisblað dags. 31. 1. 2022.) Nefnt skal að í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir lágrestri byggð og að húsin séu úr timbri. Fyrirhugað er að á Seljadalsvegi nr. 4 rísi tveggja hæða hús aðallega úr steinsteypu og gleri. Þetta hús mun standa miklu hærra en sumarhús okkar og gróðurhús og mun hindra suðursól til okkar að Lækjartanga á spildu nr. 125186.
- 4) Vegurinn sem liggur að landsspildunni, nr. 125337, tel ég vera hluta af gömlum þjóðvegi til Þingvalla, sem Vegagerð ríkisins sá um að halda við framan af en hætti því fyrir áratugum síðan. Síðustu ár hafa því eigendur landa að þessum gamla Þingvallavegi þurft að sjá um viðhald vegarins. Ekki er kunnugt um að Mosfellsbær hafi á nokkurn hátt skipt sér af þessum vegi á liðnum árum. Þar með hafi þessi gamli vegarkafli og landið undir honum fallið til þeirra

landeigenda sem lögðu til land undir veginn á sínum tíma. Sveitarfélagið Mosfellsbær og þar áður hreppsnefnd Mosfellssveitar hafa aldrei orðið eigendur vegarins eða landsins sem hann er byggður á. Það er því ólögleg sjálfataka sveitarfélagsins á veginum og vafasöm nafngjöf lóða sem að honum liggja.

Áskil ég bætur vegna þessara lögbrota af hálfu Mosfellsbæjar og rétt til frekari krafna og rökstuðnings síðar.

Virðingarfyllt,

Elsa Sigríður Jónsdóttir

Afrit send: Reykjamel ehf., Engjavegi 10, 270 Mosfellsbæ, Þorsteini Tómassyni, Vilhjálmí Lúðvíkssyni, Aðalheiði Plodel og John Patrick O'Neil, Guðmundi Einarssyni, Pálma Gestssyni.